
Efnistaka í Hellisfirði í Norðfjarðarflóa, Fjarðabyggð

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 22. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Hellisfirði í Norðfjarðarflóa, Fjarðabyggð skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun Efnistaka í Hellisfirði í Norðfjarðarflóa. Tillaga að matsáætlun. Alta ehf., júlí 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Fjarðabyggð með tölvupósti þann 4. september 2019
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 11. september 2019
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti þann 7. ágúst 2019
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti þann 21. ágúst 2019
- Orkustofnun með tölvupósti þann 29. ágúst 2019
- Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 29. ágúst 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 19. og 21. ágúst, 18. september og 27. desember 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Fyrirhugað er að nema allt að 500.000 m³ af efni í áföngum á um 10 ára tímabili af hafsbotni í Hellisfirði. Fyrirhugað efnistökusvæði er 86.500 m² og er ráðgert að vinna efni niður á allt að 25 m dýpi. Niðurstöður setþykktarmælinga benda til þess að innan þessa svæðis séu um 640.000 m³ af seti niður á þessa dýpt. Fyrirhugað er að nota efnið m.a. uppbyggingar og stækkunar iðnaðar- og hafnarsvæða í Neskaupstað.

Botndýralíf og búsvæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að helstu niðurstöður rannsókna í Hellisfirði séu þær að þéttleiki botndýra sé mjög hár, en þéttleiki og fjöldi greindra tegunda sé mjög mismunandi á milli mælistöðva. Þéttleiki sé svipaður og fundist hafi í öðrum rannsóknum á Austfjörðum og á svipuðu dýpi víða við Ísland. Tegundirnar eru allar vel þekktar og flestar algengar á Íslandsmiðum. Ekki fundust tegundir sem vert sé að varðveita.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að kóralþörungabúsvæði séu metin mikilvæg erlendis og að slík búsvæði hérlendis séu fábreytt. Ekki varð vart við kóralþörungum við sýnatökur í nýlegri rannsókn en þó hafi fundist kóralþörungur á svæðinu í fyrri rannsóknum.



Hafrannsóknarstofnunar bendir á að kóralþörungasvæði séu ekki síður mikilvæg héraendis en erlendis vegna líffræðilegs fjölbreytileika og mikilvægi þeirra sem búsvæða. Telur stofnunin tilefni til þess að benda á að tegundafjölbreytileiki sé almennt lágur á Íslandi miðað við erlendis vegna legu landsins. Að mati stofnunarinnar sé ekki hægt að benda á fábreytni lífvera við Ísland sem rök fyrir því að ekki skuli taka tillit til vistkerfa héraendis.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar um mikilvægi kóralþörungabúsvæða vegna líffræðilegs fjölbreytileika. Efni ofangreindra ábendinga Hafrannsóknarstofnunar muni koma skýrar fram í frummatsskýrslu. Framkvæmdaraðili mun einnig rannsaka og kortleggja útbreiðslu kóralþörungum í grennd og innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á botndýralíf og búsvæði þess. Þarf sú umfjöllun meðal annars að byggja á kortlagningu á kóralþörungum í grennd við og innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Landslag á hafsbotni

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að neðansjávar beri landslag þess merki að vera jökulsorfið með bröttum hlíðum og flötum botni. Efnistakan muni valda breytingu á landslagi neðansjávar sem sé óafturkræf, þar sem svæðinu verður raskað varanlega. Setlöggin sem nú einkenna hafsbotninn séu annars vegar fínkorna set sem hylji botn á svæðum þar sem sjávarstraumar séu tiltölulega litlir, eða neðan við 20-40 metra. Hins vegar sé í fjörðum víða mun grófari setlög. Hafsbotn Hellisfjarðar sé flatur og aflíðandi.

Framkvæmdaraðili mun tryggja að stöðugleika þess landslags sem myndað verði við efnistöku valdi ekki rofi og breytingu á strandlínu, þá verður í frummatsskýrslu fjallað nánar um tilhögun efnistöku og frágangs á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áhrif gruggs við efnistöku

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að við efnistöku muni fingert efni þýlast upp úr setinu við efnistökuhausinn og sömuleiðis í kringum skipið við dælingu á efni um borð og útskolun. Gera megi ráð fyrir því að setið í grugginu setjist til á hafsbotni í næsta nágrenni við það svæði sem verið sé að dæla á hverju sinni. Efnistakan sé tímabundin þannig að þunnt lag af seti mun leggjast yfir þann botn sem næst sé því svæði þar sem efni er numið á hverjum tíma.

Fram kemur að mat verði lagt á stærð áhrifasvæðis gruggs vegna fyrirhugaðrar efnistöku í frummatsskýrslu og möguleg áhrif gruggs á vatnsgæði og þar með lífríki og fyrirhugað fiskeldi í Hellisfirði.

Til að meta mögulegt áhrifasvæði gruggs verður byggt á straumhraðamælingum Hafrannsóknarstofnunar úr Reyðarfirði, ekki sé gert ráð fyrir því að ráðist verði í frekari rannsóknir eða gagnaöflun fyrir frummatsskýrslu.

Meningarminjar

Í framlögðum gögnum kemur fram að námusvæðið liggja austan við Sveinsstaðaeypri í Hellisfirði en hvalveiðistöð hafi staðið að mestu vestan megin á eyrinni. Telur framkvæmdaraðili að ekki séu líkur á því að fyrirhuguð efnistaka muni hafa áhrif á menningarminjar í sjó eða á landi. Mæligögn framkvæmdaraðila ná að syðsta odda Sveinsstaðaeypar en bæði austan og vestan megin eyrarinnar vantar gögn fyrir svæði sem sé nær en 150 m að fjöru. Ekki sjáist fornminjar á mæligögnunum innan námusvæðisins, en skortur á gögnum útilokar að hægt sé að meta hvort einhverjar fornminjar séu á þeim hluta efnistökusvæðisins.



Í fornleifakönnun vegna tilvonandi malarnáms í Norðfjarðarflóa kemur fram að líklegt sé að fornminjar séu á hafsbotninum við hvalveiðistöðina en þar sem að gögnin nái ekki upp í fjöru og séu í lágri upplausn, komi minni minjar og gripir ekki fram á þeim. Til þess að fá sem skýrasta mynd af fornminjum á hafsbotninum í kringum Sveinsstaðaeysi sé nauðsynlegt að fara yfir svæðið með tvígeislamæli og síðan kanna valin svæði með köfunum.

Minjastofnun telur að kanna þurfi svæðið við Sveinsstaðaeysi með þeim hætti sem lýst er í fornleifakönnun vegna malarnámsins.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið verði rannsakað með tvígeislamæli og myndavél. Niðurstöður þeirrar könnunar verði svo sendar Minjastofnun Íslands sem myndi meta hvort þörf verði á frekari rannsóknum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu fornleifarannsóknar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis með tvígeislamæli. Niðurstaða þeirrar rannsóknar þarf svo að bera undir Minjastofnun Íslands sem metur hvort þörf verði á frekari rannsóknum.

Efnisgerð og eiginleikar

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að fyrirhuguð efnistaka sé hugsuð til framtíðaruppbyggingar á iðnaðar- og hafnarsvæðum í Neskaupsstað. Þá kemur fram að ekki séu gerðar kröfur um sérstaka eiginleika efnis í því skyni að uppfylla viðkomandi þörf.

Orkustofnun bendir á að það sé eðli ábyrgrar notkunar lausra jarðlaga á landi, sem og af hafsbotni, að efni sé nýtt á þann hátt sem það henti best og að hágæðaeefni sé ekki notað í framkvæmdir þar sem efniseiginleikar skipta litlu máli, nema að vel athuguðu máli.

Orkustofnun telur að í frummatsskýrslu beri að fjalla um hvort umrætt efni henti betur til annarrar nýtingar, og ef svo er, hvort hugsanlegur skortur sé á öðru sambærilegu efni í nágrenninu sem hefði áhrif á valkostagreiningu efnistöku í Hellisfirði, þ.m.t. með tilliti til efnistöku annars staðar vegna landgerðar. Ekki liggja fyrir hver sé efnisgerð setsins þegar neðar dregur í hjallanum og því sé mikilvægt að fjallað verði um áhrif breytinga á setgerð á fyrirhugaða notkun. Nauðsynlegt sé því að kanna betur umfang og eðli efnis í Hellisfirði.

Í frekari svörum frá framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðilli taki undir að það sé eðli ábyrgrar notkunar að efni sé nýtt á þann hátt sem best henti og að hágæða efni sé ekki notað í framkvæmdir þar sem efniseiginleikar skipta litlu máli. Hafi framkvæmdaraðilli því undirbúið rannsóknir á efnisgæðum á svæðinu enn frekar. Í frummatsskýrslu verði fjallað um niðurstöður efnisrannsókna á fyrirhuguðu efnistökusvæði af hafsbotni í Hellisfirði.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum efnisrannsókna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Þær niðurstöður þarf að setja í samhengi við mögulegt aðgengi að sambærilegu efni ásamt því að gera grein fyrir því hvort fyrirhuguð notkun á efninu samræmist ábyrgri notkun á jarðefnum.

Staðsetning efnistökusvæðis

Orkustofnun bendir á í umsögn sinni að ekki liggja fyrir hvort fyrirhugað efnistökusvæði sé að öllu utan við netlög, en skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins liggja netlög 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Á kortum er sýnd lína 115 m frá meðalsjávarmáli en ekki liggur fyrir hversu langt þar frá stórstraumsfjöruborði liggur. Telur stofnunin að í frummatsskýrslu beri að fjalla um þetta atriði.

Í frekari svörum frá framkvæmdaraðila kemur fram að í matsáætlun séu netlög sýnd miðað við núverandi strandlínu. Í vinnu við frummatsskýrslu mun framkvæmdaraðilli mæla strandlínu miðað við stórstraumsfjöruborð og meta út frá því staðsetningu við hið fyrirhugaða efnistökusvæði. Ef



niðurstaðan bendir til þess að hluti framkvæmda verði innan netlaga þá verður fjallað um það eftir því sem tilefni er til.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir staðsetningu fyrirhugaðs efnistökusvæðis með tilliti til netlaga.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa á meðan efnistaka stendur yfir og að efnistöku lokinni, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á botndýralíf og búsvæði þess. Þarf sú umfjöllun meðal annars að byggja á kortlagningu á kóralþörungum í grennd við og innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu fornleifarannsóknar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis með tvígeislaáhrifum. Niðurstaða þeirrar rannsóknar þarf svo að bera undir Minjastofnun Íslands sem metur hvort þörf verði á frekari rannsóknum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum efnisrannsókna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Þær niðurstöður þarf að setja í samhengi við mögulegt aðgengi að sambærilegu efni ásamt því að gera grein fyrir því hvort fyrirhuguð notkun á efninu samræmist ábyrgri notkun á jarðefnum.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir staðsetningu fyrirhugaðs efnistökusvæðis með tilliti til netlaga.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 17. febrúar 2020.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson